



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í
GARÐABÆ 9. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2016
FIMMTUDAGINN 29. DESEMBER KL.11**

1. Bréf o.fl. erindi.

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 96% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Önnur bréf

Bréf með athugasemdum vegna tilboðs um skólasóknarsamning vor 2017.

4 nemendur gerðu athugasemd, þrír fá samning og einn fær skólavist án samnings.

Bréf með athugasemdum vegna vegna höfnunar á skólavistvor 2017.

8 nemendur sendu inn athugasemd, tveir fengu skólavist en höfnun stendur hjá 6.

Tveir nemendur gera athugasemd við lokapróf í desember. Vísað til kennslustjóra í viðkomandi áföngum.

Einn nemandi gerir athugasemd vegna símatsáfangs. Vísað til kennslustjóra í viðkomandi áfanga.

2. Önnur mál

Rætt var um breytingar á skólasóknarsamningi og samþykkt að nefna hann náms- og skólasóknarsamning og leggja áherslu á námið og námstækni. Einnig verður forráðamaður/aðstandandi að tilkynna veikindi með tölvupósti fyrir nemendur á þessum samningi.

Fundinn sátu:

Anna Jeeves fulltrúi kennara

Elísabet Siemsen skólameistari

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir áfangastjóri

Snjólaug Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Unnur Símonardóttir náms- og starfsráðgjafi